

fimta fór yfir Ehrenberger-Klause til Innsbruck og Trident, höfðu nokkrir af hermönnum hans dreift sér um Engadindalinn til að ræna. Ungur Tyrólbúi flúði undan hermönnum ásamt unnustu sinni til þessa kletts. Fáeinir saxneskir veiðiliðsmenn eltu hann til, að ná í hið fagra herfang, en þegar hann sá að hann gat ekki varið hana gegn ofureflinu, stakk hann rýting í hjarta hennar og stökk svo sjálfur ofan í hið straumharða Innfljót, skiljandi blóðugt líkið eftir handa ræningjunum. Endurminningin um þennan sorglega atburð lifir enn meðal dalbúanna, og af honum dregur kletturinn nafn sitt.

Það var kveldið hinn 16. júní 1817. Ungur maður stóð efst uppi á "Helklettinum", hallaðist upp að gildum eikarstofni og horfði hugsandi yfir landsvæðið, sem blasti við sjónum hans. Sólin var nýlega sigin í æginn, og skær klukkna hlómur barst að eyrum hans frá klaustri, sem stóð þar í nánd, en ekki gat hann samt beint hugsun hans að andlegum efnum. Annari hendinni studdi hann á skrautbúna byssu, en með hinni klappaði hann hundinum sínum, sem stóð hjá honum. Þó virtist hugur hans vera langt í burtu. Hann var klæddur grænni veiðitreyju, sem var hnept upp úr, um mittið hafði hann spennt gullbelti og í því sátu tvær skammbyssur og einn daggarður. Andlitsdrættir hans voru reglubundnir og fagrir, en háðslegt bros, sem lék á vörum hans, aflagaði þá og gerði hann ógeðslegan. Í augum hans leifruðu blossar ástriðanna, og svípræðingar hefðu án efa, af hinum þykku vörum hans, sagt hann afar-lostagjarnan og gæddan ómettandi lífsnautnaþrá.

Skuggarnir smálengdust, himininn varð dimmari og stjörnurnar komu í ljós. Algjörð kyrð ríkti yfir öllu, að eins vatnsniðurinn heyrðist. Ungi maðurinn setti veiðihornið fyrir munn sér og blés. Þá brá